

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2017, mánudaginn 27. nóvember kl. 16.00 var haldinn 158. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Sigríður Jóhannsdóttir (fyrir Bjarna Jónsson), Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um unglingamál í Laugardal. Hulda Björk Finnsdóttir unglingaráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl.16.07 tekur Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals sæti á fundinum
2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. nóvember 2017, með útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagssviðs frá 18. október 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Eikjuvogur 27.
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 13. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breyttri skipun í hverfisráð fyrir næsta kjörtímabil. Umsagnarfrestur er til 31. desember 2017

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð Laugardals telur tímabært að endurskoða tilgang og hlutverk hverfisráða með það að markmiði að efla þau og líst vel á kynnta útfærslu. Hverfisráð lýsir yfir áhuga á þátttöku í áframhaldandi vinnslu á tillögunni.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallavina samþykkir bókunina með þeim fyrirvara að hann lýsir verulegum efasemdum um að heppilegt sé að velja fulltrúa í ráðið með slembivali.

4. Fram fer umræða um seinni úthlutun úr hverfissjóði.
5. Lagt fram bréf borgarritara, dags. 1. nóvember 2017, um stofnun hverfissjóðs sem hefur það að markmiði að efla samstöðu og samvinnu íbúa í hverfum borgarinnar. Óskað er eftir umsögn hverfisráða fyrir 29. nóvember 2017 um tillöguna, þar á meðal um umfang sjóðsins og væntanlegar úthlutunarreglur.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Laugardals tekur jákvætt í tillögu um stofnun sérstaks hverfissjóðs og leggur til að hafðar verði til hliðsjónar úthlutunarreglur Forvarnarsjóðs velferðarsviðs þegar skipting fjármagns milli hverfa verður ákveðin. Hverfisráð lýsir sig reiðubúið til frekara samstarfs um útfærslu og úthlutunarreglur.

6. Fram fer umræða um tónlistarhátíðina Secret Solstice.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð Laugardals telur brýnt að borgarráð hefji tafarlaust viðræður við tónleikahaldara um útfærslu og framkvæmd tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice

árið 2018. Í þeim viðræðum verði tekið tillit til þeirra athugasemda og umsagna, m.a. frá hverfisráði Laugardals, sem þegar hafa verið lagðar fyrir borgarráð.

7. Fram fer umræða um niðurstöður kosninga í verkefninu Hverfið mitt.
8. Fram fer umræða um opinn fund hverfisráðs sem fyrirhugaður er eftir áramótin.
9. Fram fer umræða um sameiginlegan fund með hverfisráði Háaleitis og Bústaða 18. desember nk.

Fundi slitið kl. 18.00

Heiðar Ingi Svansson

Sandra Berg Cepero

Sigríður Jóhannsdóttir
Elín Engilbertsdóttir